

áfengislaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga.

Af kostnaði sakarinnar greiði kærður Karl Guðmundsson málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrm., þykir (sic) hæfilega ákveðin kr. 35. Kærður Guðm. Skúli Björnsson greiði talsmanni sínum, hrm. Garðari Þorsteinssyni, málsvarnarlaun, kr. 35. -- Annan kostnað sakarinnar greiði kærðir in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaut.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1937.

Nr. 84/1936. **Magnús Th. S. Blöndahl h/f**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Arinbirni Steindórssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur til að greiða innheimtulaun samkvæmt lágmarkstaxta málflutningsmannafélags Íslands af skuld, sem málfærslumaður hafði innheimt hjá honum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1936: Stefndur, Magnús Th. S. Blöndal h/f., greiði stefnandanum, Arinbirni Steindórssyni, kr. 138.50 með 6% ársvöxtum frá 31. janúar 1936 til greiðsludags og kr. 74.60 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 11. júní f. á., og gert þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og stefndur dæmdur til að greiða honum máls-

kostnað í héraði og hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að höfuðstólsfjárhæð dómkröfu stefnda verði færð niður um kr. 26.29, eða niður í kr. 112.21, og að stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað svo sem að framman segir. Stefndur gerir hinsvegar þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að innstæða kröfu hans verði lækkuð niður í kr. 112.21. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðdragandi máls þessa er sá, að stefndur hafði um nokkur ár verið starfsmaður við atvinnurekstur áfrýjanda og skyldi hafa á þeim tíma, er hér skiptir máli, kr. 300.00 í laun á mánuði. Allt árið 1935 urðu töluverð brögð að því, að stefndur fékk ekki, nema að nokkru leyti, greidd mánaðarlaun sín jafnóðum og þau féllu í gjalddaga. Staðhæfir stefndur, að greiðsludráttur þessi hafi orðið án samþykkis síns, enda kveðst hann hafa haft mikil óþægindi af vanskilunum. Með bréfi dags. 1. okt. 1935, sagði áfrýjandi stefnda upp starfi sínu frá 1. jan. 1936 að telja og með bréfi, dags. 30. nóv. s. á., endurnýjaði hann uppsögnina. Sem ástæðu bar áfrýjandi fyrir sig erfiðleika við öflun hráefna til atvinnurekstursins og minnkandi framleiðslu og sölu, er hann taldi stafa af hráefnaskortinum. Um það leyti, sem uppsögnin skyldi koma til framkvæmdar, gafst stefnda þess kostur að halda starfi sínu hjá áfrýjanda, ef hann gerðist kaupandi að hlutabréfum, er hluthafi einn í félaginu vildi selja, og telur áfrýjandi, að tilætlunin hafi verið sú, að það, sem ógreitt var af kaupi stefnda, skyldi ganga upp í greiðslu hlutabréfanna, en stefndur kveðst hafa lýst yfir því, þegar er þessi viðskipti komu

til tals, að hann gæti hvorki lagt fram fé til hlutabréfakaupa né látið eftirstöðvar af kaupi sínu ganga til greiðslu hlutabréfa. Af samningsumleitunum þessum virðist það þó hafa leitt, að stefndur fór ekki úr þjónustu áfrýjanda fyrr en 15. jan. 1936. Átti hann þá ógreidd vinnulaun frá árinu 1935, að fjárhæð kr. 1235.00 að viðbættum kr. 150.00 fyrir vinnu í janúar 1936, eða samtals kr. 1385.00. En til frádráttar þessari fjárhæð komu kr. 262.89, sem var andvirði vöruúttæktar stefnda hjá áfrýjanda á árinu 1935. Samkvæmt þessu nam skuld áfrýjanda við stefnda, þegar vinnusambandi aðiljanna sleit, kr. 1122.11. Stefndur fól nú Gústaf Ólafssyni, lögfræðing, að innheimta eftirstöðvar launa sinna hjá áfrýjanda. Tédur lögfræðingur krafðist þess svo hinn 18. jan. 1936, að áfrýjandi innti af hendi greiðslu skuldarinnar ásamt kostnaði eigi síðar en hinn 21. s. m. Þenna síðarnefnda dag greiddi áfrýjandi lögfræðingnum kr. 1122.21, en neitaði að greiða innheimtulaun af skuldinni. Hefir stefndur þessvegna höfðað mál þetta til greiðslu innheimtulaunanna. Í kröfugerð sinni og málflutningi í héraði taldi stefndi innheimtulaunin eiga að reiknast af kr. 1385.00, enda hafði hann upprunalega krafist áfrýjanda um þá fjárhæð, en hér fyrir dómi er það ágreiningslaust, að skuld áfrýjanda við stefnda hafi ekki numið nema kr. 1122.11, svo sem áður segir. Innheimtulaun af þessari fjárhæð eru samkvæmt lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafélags Íslands kr. 112.21, og hefir nú stefndur lækkað kröfur sínar til samræmis við þetta. Að athuguðum framangreindum atvikum málsins, verður að telja, að áminnztur lögfræðingur eigi tilkall til innheimtulauna þessara, og kemur

þá til álita, hvort stefndur eigi aðgang að áfrýjanda um greiðslu þeirra. Úrlausn þessa atriðis veltur á því, hvort stefndur hafi haft réttmæta ástæðu til að leita aðstoðar lögfræðings við innheimtu skuldarinnar. Aðiljum málsins ber nú saman um það, að stefndur hafi krafizt greiðslu á skuldinni hinn 16. jan. 1936. Stefndur kveðst þá hafa fengið það svar, að áfrýjandi gæti ekki vegna fjárhagsörðugleika greitt í bráð. Af þessum ástæðum segist stefndur hafa orðið að leita til lögfræðings. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda kveðst hinsvegar hafa beðið stefnda að koma eftir tvo daga og vitja launanna. Þessa skýrslu sína hefir fyrirsvarsmanni áfrýjanda þó ekki tekizt að sanna og kemst áfrýjandi þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því að greiða innheimtulaunin. Ber þessvegna að taka kröfur stefnda í málinu til greina, þar með talin staðfesting á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Magnús Th. S. Blöndal h/f, greiði stefnda, Arinbirni Steindórssyni, kr. 112.21 með 6% ársvöxtum frá 31. jan. 1936 til greiðsludags, kr. 74.60 í málskostnað í héraði og kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sátttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 6. febr. 1936 af Arin-

birni Steindórssyni hér í bæ, gegn Magnúsi Th. S. Blöndahl h/f hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 138.50 með 6% ársvöxtum frá 31. janúar 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, er skv. framlögðum reikningi nemur kr. 74.60.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar. Ennfremur krefst hann þess, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi átti kr. 1385.00 hjá stefndum sem ógreidd vinnulaun. Fól hann málflutningsmanni innheimtu þessarar skuldar, og greiddi stefndur hana til málflutningsmannsins, en neitaði að greiða innheimtulaun, en þau eru hin umstefnda upphæð. —

Því er ómótmælt haldið fram í máli þessu, að þegar umræddu vinnusambandi sleit, hafi stefnandi átt meira en 4 mánaða kaup hjá stefndum og að hann hafi fengið neitun um greiðslu á því. —

Stefnandi virðist því ekki hafa haft önnur ráð en þau, að fela málflutningsmanni innheimtu kaupsins og eins og á stóð hlaut það að verða gert á kostnað stefnds. Innheimtulaunin verða að teljast fallin á, þegar er málflutningsmaðurinn hefir fengið kröfuna í hendur, og í þessu tilfelli bar stefndum því að greiða þau ásamt höfuðstól skuldarinnar, og með því að þau eru rétt reiknuð skv. texta M. F. Í., þá verða úrslit máls þessa þau, að allar kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1937.

Nr. 131/1936. Réttvísín (Lárus Fjeldsted)
gegn

Ingibergi Þorkelssyni

(Eggert Claessen).

Maður sýknaður af ákæru fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. desember 1935:
Ákærði, Ingibergur Þorkelsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.